

Mánudaginn 19. nóvember 1951.

Nr. 81/1951. **Gísli Halldórsson** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Sigríði Einarsdóttur og gagnsök

(Magnús Thorlacius).

Skipti á hlutabréfaeign hjóna, er skilið höfðu.

Dómur Hæstaréttar.

Skiptaráðandinn í Reykjavík, Kristján Kristjánsson borgarfógeti, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí þ. á., krefst þess, að úrskurður skiptaráðanda verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 17. ágúst þ. á. Krefst hún þess *aðallega*, að hlutabréf þau, er í málinu greinir, að nafnverði kr. 9700.00, verði lögð sér út til eignar með nafnverði upp í húshelming hennar, en *til vara*, að hlutabréfunum verði skipt milli aðilja að jöfnu eða sem næst jöfnu. Þá krefst hún og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Aðiljar máls þessa gengu í hjónaband árið 1935, en hlutafélagið „Gísli Halldórsson h/f“ var stofnað árið 1941. Var aðaláfrýjandi þá skráður eigandi hluta í félaginu, að fjárhæð kr. 9600.00, en gagnáfrýjandi skráð eigandi hlutar, að fjárhæð kr. 100.00. Samkvæmt þessu verður að telja, að hlutabréf hvors aðilja séu hjúskapareign hans. Samkvæmt 47. gr. laga nr. 20/1923, sbr. 64. gr. laga nr. 3/1878, á því hvor málsaðilja rétt á að fá sér lögð út hlutabréf sín í félaginu. Á gagnáfrýjandi samkvæmt þessu rétt til hlutabréfs, að nafnverði kr. 100.00, og aðaláfrýjandi rétt til hlutabréfa, að nafnverði kr. 9600.00.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómsorð:

Hlutabréf aðaláfrýjanda, Gísla Halldórssonar, í h/f Gísla Halldórssyni, skulu lögð aðaláfrýjanda út upp í

búshelming hans fyrir kr. 9600.00 og hlutabréf gagn-áfrýjanda, Sigríðar Einarsdóttur, í sama félagi skal lagt gagnáfrýjanda upp í búshelming hennar fyrir kr. 100.00.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 25. júní 1951.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 20. þ. m., hefur Gísli Halldórsson vélaverkfræðingur, Klapparstíg 26 hér í bænum, krafizt þess, að hlutabréf félagsbúsins í firmanu Gísli Halldórsson h/f verði lögð sér út fyrir nafnverð, kr. 9700.00 úr félagsbúi þeirra hjóna, hans og Sigríðar Einarsdóttur, Bólstaðarhlíð 3 hér í bæ, en bú þetta er undir opinberum skiptum vegna hjúskaparslita. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar sér til handa.

Varnaraðili, Sigríður Einarsdóttir, hefur í greinargerð sinni frá 19. jan. 1951 krafizt þess, að framkominni útlagningarkröfu sóknaraðilja verði hrundið, og honum gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu, og í réttarhaldi 9. maí síðastliðinn gerir hún þá varakröfu, að hlutabréfunum verði skipt að jöfnu milli aðilja, en við munnlegan flutning málsins gerir hún þær dómkröfur, aðallega að framkominni útlagningarkröfu sóknaraðilja verði hrundið og að hlutabréfin, að nafnverði kr. 9700.00, verði lögð sér út með nafnverði til eignar upp í búshelming sinn, en til vara, að hlutabréfunum verði skipt milli aðilja að jöfnu eða sem næst jöfnu og að sóknaraðilja verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu.

Aðiljar máls þessa, Gísli Halldórsson og Sigríður Einarsdóttir, gengu í hjónaband 21. maí 1935, og stundaði Gísli Halldórsson þá verkfræðistörf í Reykjavík, en hann hafði á árinu 1933 lokið prófi í vélaverkfræði í Kaupmannahöfn. Sama sumar eða um haustið 1935 réðst hann sem forstjóri til Síldareinkasölu ríkisins á Siglufirði og starfaði þar um tveggja ára skeið. Síðan varð hann verksmiðjustjóri í Esbjerg, en fluttist þaðan með fjölskyldu sína til Reykjavíkur haustið 1939, og stundaði eftir það aðallega verkfræðistörf og umboðssölu.

Þann 1. marz 1941 var stofnað firmað Gísli Halldórsson h/f með kr. 10.000.00 hlutafjárframlagi, og samkvæmt stofnsamningi skrifar Gísli Halldórsson sig fyrir hlutum kr. 9600.00, en kona hans, Sigríður Halldórsson, varnaraðili í máli þessu, og 3 aðrir aðiljar skrifa sig fyrir hlutum, kr. 100.00 hver, en tilgangur þessa félags er samkvæmt 2. gr. stofnsamningsins að reka umboðsverzlun og heildsölu á hvers konar vélum og varahlutum til þeirra svo og verzlun með skip, byggingarefni og aðrar skyldar vörur og hvers konar framleiðsluvörur, iðnrekstur og annan skyldan atvinnurekstur. Varð Gísli Halldórsson þegar framkvæmdastjóri þessa fyrirtækis, og hefur hann verið það síðan.

Um mánaðamótin nóvember og desember 1949 munu hjónin hafa slitið

samvistir, og með bréfi, dags. 28. sept. 1950, krefst konan þess, að félagsbúið verði tekið til opinberrar skiptameðferðar. Meðal eigna búsins voru í skiptarétti Reykjavíkur 9. október 1950 skrifuð upp sem eign félagsbúsins hlutabréf í firmanu Gísli Halldórsson h/f, að nafnverði kr. 9700.00, og eru það þau hlutabréf, sem mál þetta er risið út af.

Gísli Halldórsson byggir kröfu sína um útlagningu á hlutabréfum þessum á því, að hlutafélag þetta hafi tekið við fyrri starfsemi sinni og samböndum og sé í raun og veru einkafyrirtæki hans, eins og áður hafi verið, með þeirri einu breytingu, að því hafi að formi til verið breytt í hlutafélag, enda sé hann aðalhluthafinn með 96% hlutafjárins, kona hans með 1% og vinir hjónanna með 3%. Hafi hann stjórnað fyrirtæki þessu áfram og helgað því alla krafta sína, enda ekki stundað aðra atvinnu, og byggist atvinna hans eingöngu á þessu fyrirtæki. Auk þess kveðst hann hafa aflað þeirra verðmæta, sem hlutabréfin eru útgefin fyrir, og allt goodwill fyrirtækisins sé hans goodwill, og telur hann, að hann með þessu hafi fært hlutabréf þessi í búið og þar með þau verðmæti, sem hér sé um deilt.

Varnaraðili hefur mótmælt því, að hlutafélag þetta hafi tekið við fyrri starfsemi sóknaraðilja, og vísar um það í 9. gr. stofnsamningsins á réttarskjali nr. 2. Kveður hann, að félagsbúið hafi lagt fram fé í fyrirtækið, enda sé það stofnað löngu eftir hjónabandið, og eigi hann því jafnan rétt við sóknaraðilja til þess að fá hlutabréfin útlögð upp í sinn búshelming. Kveður hann það fjarstæðu eina, að sóknaraðili geti átt kröfu til að fá hlutabréf þessi útlögð framar sér, en auk þess sé hér um skiptanlegt verðmæti að ræða að mestu leyti, og telur því, að sóknaraðili geti ekki öðlazzt meiri rétt en þann að fá helming hlutabréfanna, enda þurfi starfsemi félagsins í engu að breytast, þótt skipting á hlutabréfunum fari fram. Fullyrðir hann, að hlutabréfin séu miklu meira virði en nafnverð þeirra er, þrátt fyrir þau möt, sem fram hafa farið.

Eins og mál þetta liggur hér fyrir, verður að telja, að firmað Gísli Halldórsson h/f, sem stofnað er með kr. 10.000.00 hlutafjárframlagi, sem mestmegnis eru á nafni Gísla Halldórssonar sjálfs, sé stofnað sem atvinnufyrirtæki fyrir hann og byggt á verkfræðimennt hans og viðskiptamöguleikum sem verkfræðings, enda hefur hann verið forstjóri þess frá stofnun þess og komið einn fram fyrir þess hönd bæði inn á við og út á við, án þess að vitað sé, að hann hafi starfað annað. Það verður því að fallast á, að það sé sérstakt hagsmunamál fyrir hann, að dreifing hlutabréfanna verði sem minnst og að hann sé öruggur með það að geta haldið starfrækslunni áfram, svo sem hann hefur gert hingað til.

Verður því samkvæmt 59. gr. laga nr. 20 frá 20. júní 1923 að fallast á kröfu hans í málinu um að fá hlutabréf félagsbúsins í firmanu útlögð upp í sinn búshelming fyrir kr. 9700.00, enda sýna möt þau, sem fram hafa farið á hlutabréfum þessum, að eigi er ástæða til að ætla, að þau séu meira virði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hlutabréf félagsbús Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur í firmanu Gísls Halldórsson h/f skal leggja út Gísla Halldórssyni upp í hans búshelming fyrir kr. 9700.00.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1951.

Nr. 173/1950. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)
gegn

Kristjáni Kristóferssyni f. h.

Jóns Kristjánssonar (Einar Arnórsson).

Ómerking málsmeðferðar og dóms vegna vanhæfi
héraðsdómara.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Gunnar Þorsteinsson var bæjarfógeti í Vestmannaeyjum á þeim tíma, er gerðardómur fjallaði um skipti aðilja, þau er í máli þessu greinir. Freymóður Þorsteinsson var þá fulltrúi hans og fór með oddamennsku í gerðardóminum í forföllum bæjarfógeta á tímabilinu frá 14. marz til 24. maí 1950. Ein af málsástæðum áfrýjanda í dómsmáli því, sem hér er til meðferðar, er sú, að gerðardómurinn sé ógildur vegna dráttar þess, sem varð á rekstri gerðardómsmálsins, meðan Freymóður var oddviti hans. Verður að telja Freymóð vanhæfan til að leggja dóm á þessa varnarástæðu.

Dómsmál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja með stefnu 29. nóvember 1949. Gunnar Þorsteinsson var þá enn bæjarfógeti í Vestmannaeyjum og Freymóður Þorsteinsson fulltrúi hans. Freymóður fór með dómsmálið. Hinn 29. júní 1950 krafðist áfrýjandi frests í málinu, en stefndi mótmælti fresti. Kvað Freymóður fulltrúi þá upp úrskurð þess efnis, að frestur skyldi veittur. Þar sem dómsmálið varð-